



Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Reykjavík, 17. september 2020

Í byrjun maí óskaði Ísafjarðarbær eftir upplýsingum frá íbúum Flateyrar um beint tjón rekstraraðila og einstaklinga vegna snjóaflóðanna sem féllu á bæinn þann 14. janúar 2020. Umbjóðandi minn, Tómas Patrik Sigurðarson, kt. 181296-2409, brást við þessari áskorun og sendi erindi til Ísafjarðarbæjar þann 11. maí sl., þar sem veittar voru upplýsingar um áætlað tjón hans vegna þess að fiskiskip í hans eigu eyðilagðist í flóðinu, þ.e. Orri IS-180.

Umbjóðandi minn hefur engin svör fengið enn um afdrif málsins, og er óskað eftir afstöðu Ísafjarðarbæjar vegna málsins og upplýsingum um stöðu þess.

Í samhengi við framangreint hefur umbjóðandi minn, og raunar margir aðrir Flateyringar, íhugað öryggismál á hafnarsvæðinu, í kjölfar þessara atburða. Ljóst er að rekstur og öryggismál á höfninni eru ábyrgð sveitarfélagsins, svo sem kveðið er á um í Hafnalögum nr. 61/2003, reglugerð um hafnamál nr. 326/2004 og reglugerð um slysavarnir og öryggisbúnað í höfnum nr. 580/2017.

Samkvæmt framangreindum heimildum er gert ráð fyrir að rekstraraðili hafnarmannvirkja útbúi öryggisáætlun, eða áætlun um slysavarnir. Slík áætlun fyrir Flateyrrahöfn hefur ekki fundist á heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Í ljósi þessa og enn fremur vegna þess að hafnarsvæðið á Flateyri er á skilgreindu hættusvæði vegna ofanflóða skv. hættumatskortri staðfestu af umhverfisráðherra 17. nóvember 2004, er hér óskað eftir eftirfarandi upplýsingum frá Ísafjarðarbæ:


1. Óskað er eftir afriti af öryggisáætlun sem gildir fyrir Flateyrrahöfn.
2. Óskað er eftir upplýsingum um stöðu endurnýjunar öryggisáætlunar fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar sem ályktað var um á fundi Hafnarstjórnar þann 24. janúar 2019.
3. Óskað er eftir upplýsingum um það að hvaða marki öryggisáætlun fyrir Flateyrrahöfn taki mið af ofanflóðahættu á hafnarsvæðinu og til hvaða ráðstafana sé gripið af hálfu bæjarfélagsins/hafnarstjórnar til þess að upplýsa notendur hafnarinnar um hættu af ofanflóðum, þ. á m. þá sem greiða bæjarfélaginu hafnargjöld.

4. Þá er óskað eftir því að upplýst sé hvort og hvernig Ísafjarðarbær, eða hafnarstjórn, hafi uppfyllt leiðbeiningarskyldu gagnvart notendum hafnarinnar á Flateyri um aðstedjandi ofanflóðahættu.
5. Þá er óskað eftir upplýsingum um hvort skipulagsáætlanir bæjarfélagsins mæli fyrir um takmarkanir um landnotkun og umgengni á hafnarsvæðinu á Flateyri vegna ofanflóðahættu, svo sem mælt er fyrir um í skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 (sbr. m.a. grein 6.3). Þá er jafnframt óskað upplýsinga um það að hvaða marki yfirstjórn hafnarinnar á Flateyri hafi tekið mið af slíkum skipulagsákvæðum eða skilmálum í störfum sínum, s.s. við gerð áhættustefnu og með almenntri upplýsingagjöf til notenda hafnarinnar.

Óskað er er svara við framangreindu erindi við fyrstu hentugleika. Fyrirspurnin styðst m.a. við upplýsingalög nr. 50/1996, en einnig er vísað til 6. mgr. 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Áskilinn er réttur til þess að óska frekari upplýsinga ef þurfa þykir.

Með kveðju,



Ingvi Hrafn Óskarsson, lögmaður